

FÉLAG
MÁLMIÐNAÐARMANNA
AKUREYRI



Skipagata 14 · 600 Akureyri
Sími: 455 1052 · Fax 455 1059
Netfang: fma@fma.is
Kennitala: 541080-0669

Vinnustaðafundur Iðnfélagana í Slippnum Akureyri

Þann 08.11.2021 var haldinn sameiginlegur fundur iðnfélagana í Slippnum Akureyri í boði FMA um umræður um vinnutímastyttingu. Að fyrsta máli loknu væru það aðeins félagsmenn FMA sem sætu áfram en næsti liður var kosning trúnaðarmanna félagsins og önnur mál að því loknu ef einhver væru.

Alls voru mættir 37 félagsmenn iðnfélaganna en voru það aðallega félagsmenn FMA og VM sem komu. Opnaði formaður FMA Jóhann Rúnar Sigurðsson fundinn og bauð viðstadda velkomna og kynnti sig. Hann fjallaði um dagskrá fundarins og fór síðan strax í fyrsta lið en þar var öllum félagsmönnum iðnfélaganna boðið að vera þáttakendur í en þar sem fyrirtækið hefur ekki viljað ljá máls á því að ræða um neinar útfærslur á vinnutímastyttingu þá væri það eina í stöðunni fyrir félagsmenn að kjósa um einhliða ákvæði kjarasamningnins um vinnutímastyttingu en það tekur þá gildi um áramótin ef starfsmenn félaganna samþykkja það með kosningu. Í kjarasamningnum er það réttur fyrirtækjanna að að neita slíkum viðræðum, en í umræðu við forsvarsmenn Slippssins var lagt upp með að ef starfsmenn Slippssins kysu um einhliða ákvörðun um styttingu vinnuvikunnar þá lögðu þeir til að styttingin sem er 45. mínútur á viku eða níu mínútur á dag yrðu teknar í styttingu með því að hætta fyr á föstudögum.

Formaður FMA fór síðan yfir það að kjósa þyrfti fyrst um einhliða ákvörðun starfsmanna um styttingu og sé það samþykkt þurfi síðan að kjósa um tillögu sem fyrirtækið leggur til að styttingin verði 45. mínutna stytting á föstudögum og hætti starfsmenn þá dagvinnu kl. 15:00 í stað 15:45. Ef starfsmenn iðnfélaganna felli þá tillögu fyrirtækisins að lokinni samþykktu ákvæði um einhliða ákvörðun sé það formanns félagsins að finna út hvernig þessar níu mínútur yrður útfærðar og það væri þá það verkefni sem félagsmenn sendu hann í að vinna ef sú ákvörðun yrði ofan á.

Formaður spurði hvort einhver athugasemd væri við þessa útfærslu og spurði hvort menn gætu þá kosið með handa uppréttingu. Það kom einn með athugasemd um boðun fundarins og vildi meina að ekki væri hægt að kjósa þar sem ekki hefði verið auglýst að kjósa ætti um eitthvað á fundinum aðeins umræður. Formaður samþykkti að það væri rétt ábending að það kæmi ekki fram í auglýsingunni en hann væri búinn að fara yfir málið og umræður þýddu yfirleitt að menn væru að taka einhverskonar ákvarðanir og þá yfirleitt með kosningu. Þarna væri ekki neitt í boði og eina leiðin fyrir menn að ná í styttingu án þess að dagvinnulaun skertust og vinnutími með einhliða ákvörðun starfsmann þyrfti að framkvæma með kosningu til að þessar 45. mínutur kæmur inn. Nú ef það yrði fellt yrði vinnutíminn óbreyttur. Formaður óskaði því næst eftir því með kosningu hvort menn vildu fresta kosningu um einhliða ákvörðun sem væri þeirra réttur eða að halda áfram eins og hann hefði kynnt þetta. Einn vildi fá kosningar á sérfundi en meirihluti vildi kjósa strax.

Formaður FMA fór yfir það að það tæki ný deilitala við en hún færi úr 160 niður í 157,08 og þar með væru dagvinnulaunin óbreytt en tímakaupið hækkar sem því nemur og hefur þá áhrif á yfirvinnutaxtana.

FÉLAG
MÁLMIÐNAÐARMANNA
AKUREYRI



Skipagata 14 • 600 Akureyri
Sími: 455 1052 • Fax 455 1059
Netfang: fma@fma.is
Kennitala: 541080-0669

Því næst voru Bjarni Pétursson (VM) og Andri Freyr Ólafsson (FMA) fengnir í kjörnefnd ásamt Jóni Inga Sævarssyni

Bauð Jóhann Rúnar upp á það hvort fundagestir vildu hafa kosninguna opna (handaréttigar) eða lokaða (miðar) Voru fundagestir samþykkir því að hafa kosninguna opna.

Varð einhliða stytting samþykkt með meirihluta atkvæða 31 en 5 voru á móti.

Var síðan kosið um hvort fundagestir yrðu þá sáttir með það að stytta vikuna um 45 mín á föstudögum eða hvort ætti að finna einhverja aðra lausn.

23 sögðu já, 4 sögðu nei og 10 sátu hjá.

Telst það þá samþykkt og sú breyting tekur þá gildi frá áramótunum 2022 og munu iðnaðarmenn slíppsins Akureyri hætta dagvinnu kl. 15:00 á föstudögum. Engin önnur breyting er á öðru að starfsmenn hætta á sömu tímum aðra daga og kaffítímar eru óbreyttir.

Þakkaði Jóhann Rúnar viðstöddum komuna og mun hann koma ákvörðun iðnaðarmanna til skila til framkvæmdarstjóra slíppsins.

Undir þennan lið rita kjörnenfn til staðfestingar

Bjarni Pétursson VM

Andri Freyr Ólafsson

Máir

Einnig rita undir þessa fundargerð formaður Félags málmiðnaðarmanna Akureyri og kjörinn ritari fundarins Jón Ingi Sævarsson.

Jóhann Rúnar Sigurðsson

Jón Ingi Sævarsson